



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 20. jan. 2020
USK2018070043

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun

Reykjavíkurborg fagnar því að með fram komnu frumvarpi er verið að styrkja stóðir náttúruverndarsvæða með því að færa málefni þeirra undir eina stofnun. Reykjavíkurborg hefur einnig væntingar til þess að samstarf hinnar nýju Þjóðgarðastofnunar við sveitarfélög um umsjón og rekstur friðlýstra svæða, um nýjar friðlýsingar og stjórnarsýslu náttúruverndarsvæða almennt verði öflugt og gott og bindur vonir við að vettvangur umdæmisráða muni efla það samstarf enn frekar.

Í 12. grein er fjallað um umdæmisráð. Almennt telur Reykjavíkurborg jákvætt að koma á fyrirkomulagi sem tryggir valddreifingu og aukid samráð á landsvísu, eins og það er orðað í greinargerð með frumvarpinu. Það vantar þó nokkuð upp á skýrleika þessarar greinar. Engin umfjöllun er um áætlaðan fjölda eða landfræðilega skiptingu umdæmisráða á landsvísu, heldur vísað í reglugerð sem ráðherra mun setja sbr. 38. grein. Gott hefði verið að það lægi fyrir hver fjöldi þeirra verður og hvernig þau skiptast landfræðilega. Hér er um töluvert hagsmunamál að ræða og þyrfti að lágmarki að skilgreina í lögum hvaða viðmið skuli hafa að leiðarljósi við setningu reglugerðar um efnið.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög á svæði viðkomandi umdæmisráða tilnefni fimm fulltrúa í ráðið. Ekki er tilgreint hvernig sú tilnefning á að fara fram eða hvort þættir eins og íbúafjöldi, stærð og fjöldi friðlýstra svæða innan sveitarfélags muni hafa áhrif á hvaða fulltrúar sitja í ráðunum. Í þessu samhengi vill Reykjavíkurborg benda á að þjóðgarðar og friðlýst svæði hafi ekki síst mikið gildi fyrir það fólk sem býr í þéttbýli. Mikilvægt er að regluverk um umdæmisráðin og val fulltrúa í þau sé vel skilgreint. Eðlilegast er að meginlinur séu að lágmarki útfærðar í lögum en frekari útfærsla eigi sér stað í reglugerð. Tryggja þarf að val á fulltrúum í ráðin byggji á skýrt fyrirfram settum reglum og að ákvarðanatöku um hvaða sveitarfélög eigi fulltrúa í ráðunum hverju sinni verði aldrei handahófskennd heldur byggð á jafnræði og sanngirni. Mjög jákvætt er að bætt hefur verið í frumvarpið ákvæði um að þegar fjallað sé um einstök friðlýst svæði að það verði tryggt að sveitarfélagið sem svæðið fellur innan taki þátt í afgreiðslu málsins.

Reykjavíkurborg veltir því fyrir sér hver aðkoma sveitarfélaga að náttúruverndarmálum utan þeirra umdæma verður. Friðlýst svæði eru sameign allra landsmanna og t.d. eru öll stór náttúruverndarsvæði staðsett utan Höfuðborgarsvæðisins þar sem stærstur hluti landsmanna býr. Ákvarðanir um nýtingu og verndun náttúrusvæða t.d. á hálendi Íslands varða ekki síður þá gesti sem heimsækja þau svæði (þ.m.t. mikinn fjöld íbúa fjarlæggra sveitarfélaga eins og frá Höfuðborgarsvæðinu) en íbúa heimabyggðar. Tryggja þarf að allir landsmenn og samtök þeirra geti haft aðkomu að ákvarðanatöku allra umdæmisráða með góðu, opnu og vel auglýstu samráði um öll áform og áætlanir.



Í 13. grein er greint frá hlutverki Þjóðgarðastofnunar. Þar segir að stofnunin muni annast stjórnun, rekstur og umsjón þjóðgarða og annarra náttúruverndarsvæða sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga um náttúruvernd. Sama og ekkert er fjallað um önnur náttúruverndarsvæði í frumvarpinu, nánast einungis vísað til að lög um náttúruvernd falli undir stofnunina. Það er því ekki minnst sérstaklega á fólkvangi, sem samkvæmt lögum um náttúruvernd heyrir undir umsjón sveitarfélaga. Reykjavíkurborg telur að tilgreina þurfi betur hvert hlutverk Þjóðgarðastofnunar verður gagnvart fólkvöngum.

Í 15. grein um stjórn náttúruverndarsvæða kemur fram að ráðherra sé heimilt að skipa stjórn yfir náttúruverndarsvæði sem friðlýst eru samkvæmt lögum um náttúruvernd þar sem eiga sæti fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi náttúruverndarsvæði. Reykjavíkurborg veltir fyrir sér hvernig þetta ákvæði samræmist stjórnun fólkvangi þar sem sveitarfélög utan náttúruverndarsvæðisins hafa átt fulltrúa. Þar er stjórn Reykjanesfólkvangs gott dæmi en Reykjavíkurborg er meðal fulltrúa þar og hefur leitt stjórnina um árabil þrátt fyrir að eiga ekki neitt land innan fólkvangsins. Skýra þarf betur hvort þetta ákvæði eigi við um fólkvanga einnig. Ef ætlunin er að breyta frá núverandi fyrirkomulagi er líka mikilvægt að það sé skýrt og ástæður þess liggja fyrir.

Í upptalningu á breytingum á lögum um náttúruvernd virðist vanta í 81. gr. að tiltaka Þjóðgarðastofnun í stað Umhverfisstofnunar.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir,
skrifstofustjóri, umhverfis- og
skipulagssviði

Pórolfur Jónsson

Pórolfur Jónsson,
deildarstjóri, umhverfis- og skipulagssviði